

Ed.

781. Breytingartillögur

[222. mál]

við frv. til 1. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 61. gr.

a. Í stað „kr. 120 000.00“ á tveimur stöðum í 1. lið komi: 160 þús. kr.

b. Við 1. lið bætist:

Framlag þetta skal greiðast á framkvæmdir, sem gerðar hafa verið eftir 1 janúar 1969. Greiðslur þessar breytast samkvæmt byggingarvisitölu.

c. Í stað 2. málsg. 4. liðar komi:

Til endurræktunar túna vegna kals eða annarra skemmda, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, allt að 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði, samkv. meðalverði hvers árs. Þó skal ekki veita framlag á sama land með styttra millibili en þremur árum. Sama heimild gildir, þó að annað land sé tekið til ræktunar í stað hins skemmda túns, enda sé það gert í samráði við héraðsráðunaut og landnámsstjóra.

Af framlagi samkv. þessum lið skal greiða 5% til viðkomandi búnaðarsambands.